

EDSS-fötlunarmælikvarðiinn

EDSS-fötlunarmælikvarðiinn (the Expanded Disability Status Scale) er aðferð til að meta hve mikla fötlun einstaklingur hefur af sjúkdómi sínum og meta breytingar á ástandi yfir tímabil. Mælikvarðiinn er mikið notaður í klínískum rannsóknum.

Mælikvarðiinn liggur á bilinu 1,0 – 10,0.

Um helmingur fólks með MS er á EDSS-mælikvarðanum frá 1,0 til 5,0 og um 88% á bilinu 1,0 til 7,0 skv. stórra erlendri rannsókn.

1,0 til 4,5

Fólk sem er fært um að ganga án aðstoðar er metið undir 5,0 en hvar það raðast niður á skalann 1,0 – 4,5 miðast við umfang og alvarleika eftirtalinna einkenna:

- Máttleysi eða erfiðleikar við hreyfingu á útlimum
- Einkenni frá litla heila - skortur á samhæfingum eða skjálfti
- Einkenni frá heilastofni - talerfiðleikar, kyngingaörðugleikar og augntin
- Einkenni frá skynfærum - dofi eða skyntuflanir
- Þvag- og hægðavandamál
- Sjón
- Hugræn virkni
- Annað

Hvert þessara einkenna er metið á kvarðanum 0 (engin örorka) til 5 eða 6 (meiri fötlun).

5,0 til 9,5

Fólk sem þarf orðið aðstoð eða hjálpartæki við göngu eða hreyfingu er metið á mælikvarðanum 5,0 - 9,5.

Mælikvarðinn

1,0 Engin fötlun en eitt minniháttar einkenni

1,5 Engin fötlun en minniháttar skerðing frá fleiri en einu einkenni

2,0 Lítilsháttar fötlun frá einu einkenni

2,5 Væg fötlun frá einu einkenni eða lágmarks fötlun frá tveimur einkennum

3,0 Miðlungs fötlun frá einu einkenni eða væg fötlun frá þremur eða fjórum einkennum. Engir erfiðleikar við gang.

- 3,5 Miðlungs fötlun frá einu einkenni og meira en lítilsháttar fötlun frá nokkrum öðrum einkennum. Engir erfiðleikar við gang.
- 4,0 Þó nokkur fötlun en virkni yfir daginn í allt að 12 klst á sólarhring og þarfnast ekki aðstoðar annarra. Getur gengið 500 metra án aðstoðar eða hvíldar.
- 4,5 Þó nokkur fötlun en einkstaklingurinn er virkur megnið af deginum. Er fær um að vinna fullan vinnudag en einhver takmörkun á fullri virkni eða þarfnast lágmarks aðstoðar. Getur gengið 300 metra án aðstoðar eða hvíldar.
- 5,0 Það mikil fötlun að að daglegar athafnir og geta til að vinna fullan vinnudag er skert nema gripið sé til sérstakra ráðstafana. Getur gengið 200 metra án aðstoðar eða hvíldar.
- 5,5 Fötlun kemur í veg fyrir getu til virkni allan daginn. Getur gengið 100 metra án aðstoðar eða hvíldar.
- 6,0 Þarfnast gönguhjálpartækja, svo sem göngustafs, hækju o.s.frv. til að ganga um 100 metra með eða án hvíldar.
- 6,5 Þarfnast tveggja gönguhjálpartækja, svo sem tveggja göngustafa, hækja o.s.frv. til að ganga um 20 metra án hvíldar.
- 7,0 Ófær um að ganga meira en 5 metra, jafnvel með hjálpartækjum. Að mestu í hjólastól en kemst sjálfur um á hjólastólnum og á milli staða. Virkni í daglegu lífi í allt að 12 tíma á sólarhring.
- 7,5 Ófær um að ganga nema nokkur skref. Í hjólastól og getur þurft aðstoð við að komast á milli staða. Getur farið um sjálfur í stólnum en er þó ófær um að vera í venjulegum hjólastól í heilan dag og gæti því þurft á rafmagnshjólastól að halda.
- 8,0 Er að mestu rúmfastur, í stól eða ýtt um í hjólastól. Getur þó haft „fótaferð“ megnið af deginum. Annast eigin umönnun að mestu. Getur notað handleggi og hendur.
- 8,5 Að mestu rúmfastur yfir daginn. Getur notað handleggi og hendur og viðheldur að einhverju leyti eigin umönnun.
- 9,0 Rúmleggjandi. Getur samt tjáð sig og borðað.
- 9,5 Rúmleggjandi og algerlega háður utanaðkomandi aðstoð. Getur hvorki tjáð sig almennilega né borðað/kyngt.
- 10,0 Andlát.